

Rektor setti fund kl. 08.40

Mættir voru auk hans:

Sólveig Ása Árnadóttir  
Finnur Friðrikson varamaður  
Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún Kristinsdóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Ingi Rúnar Eðvarðsson deildarforseti viðskipta- og raunvísindadeildar  
Sigurður Kristinsson deildarforseti hug- og félagsvísindadeildar  
Pétur Dam Leifsson lektor í lögfræði  
Haukur F. Valtýsson, varaformaður Landsmótsnefndar 26. Landsmóts U.M.F.Í  
Ólafur Jónsson dýralæknir.

Fjarverandi úr háskólaráði var Baldur Guðnason.

---

Rektor kynnti dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar við boðaða dagskrá.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Rektor gat þess að ein athugasemd við drög að fundargerð, varðandi umræður um dómnefndarstörf og stigamat, hefði borist frá Hrefnu Kristmannsdóttur og hefði verið tekið tillit til þess (undir lið 4).

#### 2. Rekstraryfirlit janúar-júlí 2008, rekstrarhorfur

0804042

Úlfar dreifði rekstraryfirliti janúar-júlí og gerði grein fyrir því. Verðlag hefur breyst frá því áætlun var gerð auk þess sem kjarasamningar ríkis og BHM og BSRB hefðu í för með sér hækkunar. Vegna fyrirsjáanlegra verðlagsbreytinga er lagt til að á seinni hluta árs verði gætt fyllsta aðhalds í fjármálum.

Rektor gerði grein fyrir bókun um aðhald í rekstri, sem samþykkt var á 43. fundi Framkvæmdastjórnar. Deildarforsetar og framkvæmdastjóri hafa fullt umboð til að starfa í anda bókunarinnar.

#### 3. Staða innritunar nýnema

0806083

Ólafur skýrði út skjal yfir fjölda nemenda sem greitt höfðu innritunargjald 20. ágúst. Einnig yfirlit yfir fjölda nemenda í einstökum greinum 2007 og 2008. Umræður urðu um niðurstöðu innritunar og var framkvæmdastjórn falið að vinna áætlun um fjölgun nemenda í HA á næstu misserum.

#### 4. Nám í tölvunarfræði

0808048

Ingi Rúnar kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn. Ingi Rúnar gerði grein fyrir þróun náms í tölvunarfræði, sbr. bréf hans til rektors dagsett 13. ágúst sl. sem lá fyrir fundinum. Framundan er endurskipulagning á náminu í samræmi við framtíðarhorfur með það fyrir augum að auka gæði námsins. Þarf henni að vera lokið í ársbyrjun 2010. Talsverðar umræður urðu um málið.

Rektor las upp bréf, Tillögu til háskólaráðs Háskólans á Akureyri, dagsett 21. ágúst. Efni tillögunnar varðaði samþykkt frá 13. ágúst um að innrita ekki nýnema í tölvunarfræði haustið 2008, og hefja endurskoðun á skipulagi námsins. Með tillögunni var rektori falið að gera nauðsynlegar ráðstafanir í kjölfarið.

Tillagan var samþykkt, einn sat hjá.

Ingi Rúnar vék af fundi.

## 5. Heimskautalögfræði

0808027

Sigurður Kristinsson deildarforseti kom á fundinn og gerði grein fyrir efni Minnisblaðs um kostnað og framtíðarhorfur. Sagði hann frá því að starfsmaður ábyrgur fyrir námi í heimskautarétti, Natalia Loukacheva, væri tekinn til starfa. Rektor væntir þess að deildin ásamt nýja starfsmanninum vinni að skipulagninu og kynningu náms í heimskautarétti svo að greinin nái að þróast áfram.

Samþykkt var að innrita nemendur í heimskautalögfræði miðað við þær forsendur sem koma fram í Minnisblaði deildarforseta.

## 6. Lög um opinbera háskóla – háskólafundur.

"[málsnúmer]"

Pétur Dam Leifsson kom á fundinn. Hann hefur gert lauslega úttekt á reglum HA með tilliti til nýrra laga um opinbera háskóla no. 85/2008. Lá hún fyrir í bréfi dags. 18. ágúst. Pétur benti á að lögin kalli á breytingar á reglum HA. Til að velja nýtt háskólaráð þarf fyrst að halda Háskólafund. Nýskipað háskólaráð fengi síðan það verkefni að gera nauðsynlegar breytingar á reglum HA.

Rektor bað fundarmenn að gera ráð fyrir háskólaráðsfundi og Háskólafundi fyrir hádegi þann 19. sept. Efni þess síðarnefnda væri einungis kosning til háskólaráðs.

Rektor bar upp tvær tillögur að breytingum sem felast í bréfi Péturs Dam:

1. Tillögu að breytingu á Reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 466/2007 og
2. Tillögu að breytingu á Reglum fyrir háskólafund Háskólans á Akureyri nr. 1175/2007 (sjá fylgiskjal undir þessum dagskrárlið).

Þá bar rektor upp tillögu þess efnis að háskólaráðsfundur skyldi boðaður með þriggja vikna fyrirvara í stað fjögurra. Voru allar tillögurnar samþykktar samhljóða. Rektor þakkaði Pétri Dam skjót og góð viðbrögð vega málsins. Pétur vék af fundi.

## 7. Siðareglur Háskólans á Akureyri

0801072

Sigurður kom aftur á fund og fór stuttlega yfir vinnu starfshóps um siðareglur. Tillögur voru sendar öllum nemendum og starfsfólki HA og ýmsar ábendingar bárust sem nú hefur verið tekið tillit til.

Siðareglur HA eru settar saman eftir gildum, ekki skipulagsheildum eins og er t.d. við Háskóla Íslands. Ýmsar sérreglur, einkum þær sem snúa að nemendum, munu svo fylgja siðareglum, s.s. um fartölvu- og farsímanotkun og umgengnis-

reglur. Einnig reglur um hin ýmsu ferli.  
Siðareglur voru bornar upp og samþykktar samhljóða. Rektor þakkaði Sigurði fyrir vel unnið starf að gerð siðareglna.  
Sigurður vék af fundi.

**8. Háskólafundur –sjá lið 6.**

*0710001*

**9. Reglur um framgang, dósent - prófessor**

*0712001*

Frestað.

**10. Erindi frá Landsmótsnefnd 16. Landsmóts U.M.F.Í 2009**

*0808054*

Fyrir fundi lá skriflegt erindi. Haukur Valtýsson og Ólafur Jónsson komu til að fylgja því eftir, og bauð rektor þá velkomna.

Aðspurðir sögðu þeir að framkvæmdir á fyrirhuguðu tjaldsvæði myndu takmarkast við gerð aðkomuleiða, lagningu vatns og rafmagns á svæðið og túnaslátt, en hreinlætisaðstaða yrði færanleg. Lögðu þeir áherslu á að Landsmót 2009 er einstakur atburður í sögulegu ljósi. Þeir sóttust eindregið eftir samstarfið við HA, enda væri þar tækifæri til að kynna skólann fyrir ungu fólki.

Rektor þakkaði Hauki og Ólafi og véku þeir af fundi.

Rektor lagði fram drög að svarbréfi sem voru samþykkt með lítilsháttar breytingum eftir umræður.

**11. Önnur mál**

Hjálmar vék aftur að aðsókn 2007 og 2008, einkum að tölvunarfræði. Rektor sagði það vera hlutverk allra að fjölga nemendum skólans. Gæti það m.a. falist í að einfalda námsframboð og höfða betur til nemenda. Fundi slitið kl. 12.30